

Sumarskóli Rjúpnahæðar

12.júní 2020

Drengurinn (4,3 ára) hefur komið alla daga sumarskólans á uppgötvunar- og útikennslusvæðið. Þar er lögð áhersla á vísindastarf, smíðar og vatnssull. Honum finnst sérstaklega gaman að fá að sula með vatn. Á svæðinu leyfir hann hugmyndarfluginu að reika og flakkar hann á milli staða eftir því sem honum finnst mest spennandi þann daginn. Honum finnst skemmtilegt að láta vatnið renna eftir braut sem er samsett úr þakrennum og rörum. Hann er iðinn við að búa til braut með rörum og sjá hvað vatnið getur runnið langt. Hann er fjörugur en ljúfur og dundar sér ýmist einn eða leikur við aðra á svæðinu.

